

*Lög um ábyrgð rikissjóðs vegna viðskipta við lönd, sem verzla á jafnvirðis- og vöruskiptagrundvelli, undirskrifuð af forsetanum 27. desember 1952, nr. 104.*

*Lög um bráðabirgðafjárgreiðslur úr rikissjóði á árinu 1953, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 105.*

*Lög um framlenging á gildi III. kafla laga nr. 100/1948, um dýrtiðarráðstafanir vegna atvinnuveganna, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 106.*

*Lög um breyting á lögum nr. 7/1930, um Útvegsbanka Íslands h/f og um Íslandsbanka, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 107.*

*Lög um tekjuskattviðauka, lækkun skatts af lágtekjum o. fl., undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 108.*

*Lög um framlenging á gildi laga nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 109.*

*Lög um eignarnám jarðarinnar Svinadals í Kelduneshreppi í Norður-Pingeyjarsýslu, undirskrifuð af forsetanum 29. desember 1952, nr. 110.*

*Lög um heimild fyrir rikisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1953, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 111.*

*Lög um breyting á lögum nr. 1 12. jan. 1952, um breyting á lögum nr. 50 7. maí 1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 112.*

*Lög um lausn itaka af jörðum, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 113.*

*Lög um breyting á lögum nr. 46 5. apríl 1948, um fiskmat og meðferð, verkun og útflutning á fiski, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 114.*

*Auglýsing um gildistöku laga nr. 26 18. febrúar 1943, um breyting á áfengis- lögum, nr. 33 9. jan. 1935, undirskrifuð af dómsmálaráðherra 17. desember 1952, nr. 115.*

## SAMÞYKKT

220

12. nóv.

### um lokun sölubúða í Vestmannaeyjum.

#### 1. gr.

Öllum sölubúðum kaupmanna og kaupfélaga, og annarra verzlunarfyrirtækja í Vestmannaeyjum, skal lokað í samræmi við ákvæði þau, sem eru í 2., 3. og 4. gr. samþykktar þessarar.

#### 2. gr.

Alla virka daga skulu sölubúðir vera lokaðar frá kl. 6 síðdegis til kl. 9 árdegis, nema laugardaga skal þeim lokað eigi síðar en kl. 4 síðdegis, og á tímabilinu frá 1. maí til 30. september skal þeim lokað eigi síðar en kl. 12 á hádegi, þó með þeim undantekningum, sem nú skal greina:

Aðfangadag jóla og gamlársgangur skal öllum sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 2 síðdegis. Síðustu 2 virka daga fyrir aðfangadag jóla skal heimilt að hafa sölubúðir opnar til miðnættis.

#### 3. gr.

Búðir, sem eingöngu verzla með brauð og mjólk, skulu lokaðar frá kl. 6 síðdegis til kl. 9 árdegis alla daga nema á laugardögum skal þeim lokað ekki seinna en kl. 4 síðdegis og á sunnudögum ekki seinna en kl. 5 síðdegis.

#### 4. gr.

Á helgidögum þjóðkirkjunnar, sumardaginn fyrsta, 17. júní og „þjóðhátíðardag Vestmannaeyja“, mega engar sölubúðir vera opnar nema þær, er getur um í 3. gr.

220  
12. nóv.

5. gr.

Á lokunartíma sölubúða er óheimilt að selja í sölubúðum, á strætum, torgum eða annars staðar utan sölubúða, nema úr sjálfsölum, nokkurn þann varning, sem verzlunarleyfi þarf til að selja. Heimilt er þó, að selja á þeim tíma vistir, kol, olíu og aðrar nauðsynjar til skipa og báta, ef nauðsyn krefur.

6. gr.

Menn, sem komnir eru inn í verzlun fyrir lokunartíma, er heimilt að afgreiða eftir að lokað er, þó eigi lengur en í hálf tíma.

7. gr.

Lögreglustjóra er heimilt, þegar sérstaklega stendur á, að veita undanþágu frá samþykkt þessari fyrir einstaka daga og til þess að sala fari fram í góðgerðaskyni, eða til ágóða fyrir stofnanir eða vegna fyrirtækja, sem að dómi lögreglustjóra horfa til almenningsheilla.

8. gr.

Brot á samþykkt þessari varða sektum frá 100 til 1000 krónum, og renna sektirnar í bæjarsjóð.

Mál út af brotum á samþykkt þessari skal farið með sem almenn lögreglumál.

Samþykkt þessi, sem gerð er af bæjarstjórn Vestmannaeyjakaupstaðar samkv. lögum nr. 17 1. febrúar 1936, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt eru úr gildi felldar samþykktir um lokunartíma sölubúða í Vestmannaeyjum, nr. 18 12. apríl 1921, og nr. 39 1. júní 1938.

*Félagsmálaráðuneytið, 12. nóvember 1952.*

**Steingrímur Steinþórsson.**

*Jón S. Ólafsson.*

221  
17. nóv. Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Fanneyjar Sigurgeirsdóttur“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 17. nóv. 1952.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Fanneyjar Sigurgeirsdóttur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Fanneyjar Sigurgeirsdóttur, og er stofnaður með 1500 króna minningargjöld um hana frá foreldrum hennar, pípulagningameistara Sigurgeir Finnssyni og Þuríði Halldórsdóttur, og eiginmanni hennar Kristbirni Tryggvasyni lækni.

2. gr.

Stjórn sjóðsins skipa á hverjum tíma sömu menn og sitja í stjórn Dýraverndunarfélags Íslands. Handbært fé sjóðsins skal geymt í Landsbanka Íslands.